

Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings - 79 (6.3.2023) - Aðalskipulagsbreyting, Fljótsdalshérað, Fjarðarheiðargöng

Málsnúmer : 202010422
Málsaðili : Vegagerðin
Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar
Fundardagur : 06.03.2023

Inngangur : Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga til auglýsingar vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir Fjarðarheiðargöng. Breytingin er sett fram í greinargerð dagsett 27. janúar 2023. Jafnframt er lagt fram minnisblað frá VSÓ Ráðgjöf dagsett 26. janúar 2023 um frekari úrvinnslu suðurleiðarkosts.

Niðurstaða : Undir þessum lið vakti formaður athygli á mögulegu vanhæfi Sveins Jónssonar, áheyrnarfulltrúa M-lista, og bar upp tillögu þess efnis. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Sveinn Jónsson, áheyrnarfulltrúi M-lista, lagði til frestun á afgreiðslu máls og var samþykkt af ráðinu að færa dagskrárlíðinn aftast á dagskrá fundarins svo hægt væri að fá inn annan fulltrúa í hans stað. Ekki gekk að fá inn annan fulltrúa og var afgreiðslu um frekari frestun hafnað með 5 atkvæðum gegn 2 (ÁMS og ÞÓ).

Fyrir umhverfis- og framkvæmdaráði liggur tillaga til auglýsingar vegna breytinga á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir Fjarðarheiðargöng. Breytingin er sett fram í greinargerð dagsett 27. janúar 2023. Jafnframt er lagt fram minnisblað frá VSÓ Ráðgjöf dagsett 26. janúar 2023 um frekari úrvinnslu Suðurleiðarkosts.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að leið um Melshorn sem sýnd er á uppdrætti verði tekin út og gatan neðan byggðarinnar endi við fyrirhugaða lóð fyrir hreinsistöð HEF við Melshorn. Ráðið samþykkir að vísa útfærslu á nýrri tengingu Borgarfjarðarveggar um Melshorn til gerðar nýs aðalskipulags.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir fyrirbyggjandi skipulagstillögu og leggur til við sveitarstjórn að hún verði auglýst með ofangreindri breytingu í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum, 2 sitja hjá (ÁMS og ÞÓ).

Fulltrúar V-lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Í þessu samhengi viljum við, fulltrúar VG, lýsa yfir undrun okkar á því að ekki virðist eiga að líta til niðurstaðna nýlega framkominnar könnunar meðal íbúa Fljótsdalshéraðs er varðar leiðarval vegna Fjarðarheiðarganga, þar sem meirihluti aðspurðra kusu norðurleið fremur en suðurleið. Fulltrúar VG vilja hvetja til aukins íbúalýðræðis í málefnum sveitarfélagsins og telja betra að kanna hug íbúa hvað stórar ákvarðanir varðar áður en þær eru teknar.